

Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

Frá Vilhjálmi Egilssyni, Einari K. Guðfinnssyni, Gunnari Birgissyni,
Ögmundi Jónassyni og Jóhanni Ársælssyni.

Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 14. gr. laganna:

- a. 4. tölul. orðast svo: Aðgangsheimildir að varnarstöðinni Keflavíkurflugvelli:
 - a. Að Flugstöð Leifs Eiríkssonar ásamt þjónustusvæði (svæði 1) og bannsvæði (svæði 3), sbr. 6. gr. reglugerðar um umferð og dvöl manna á varnarsvæðum, nr. 293/2002 2.800 kr.
 - b. Að flotastöð varnarliðsins (svæði 2), sbr. 6. gr. reglugerðar um umferð og dvöl manna á varnarsvæðum, nr. 293/2002 2.000 kr.
- b. Við bætist nýr töluliður, svohljóðandi:
 31. Fyrir friðlýsingu æðarvarpa 5.000 kr.